

## Fyrirspurn

til samgönguráðherra um sérstaka slysastaði í vegakerfinu.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað er gert til að lagfæra sérstaka slysastaði, eða svokallaða „svarta bletti“, í vegakerfinu, þ.e. í
  - a. dreifbýli og
  - b. þéttbýli?
2. Hversu mikið fé rennur árlega til lagfæringa á slysastöðum og hversu hátt hlutfall er það af öllum nýframkvæmdum í vegamálum?
3. Gerir samgönguáætlun til 2006 ráð fyrir að unnið sé að slíkum lagfæringum?
4. Hefur verið lagt mat á arðsemi þess að lagfæra „svarta bletti“?
5. Kæmi til greina að verja ákveðnum hundraðshluta þeirrar upphæðar sem ríkisstjórnin ákvað nýverið að setja í framkvæmdir í vegamálum til lagfæringa á „svörtum blettum“ eða annarra aðgerða til að auka umferðaröryggi?

**Skriflegt svar óskast.**